



Lafli

28. feb. 2018

Málsnr. 2018-03-0014

Frumrit - skilist til skjalasafns

# ÁRSSKÝRSLA 2017 SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR.



Bruni Árnagötu

*Þorbjörn J. Sveinsson, slökkviliðsstjórinn í Ísafjarðarbæ.*

## **Heildarútköll slökkviliðsins á árinu 2017.**

14. Útköll vegna elds.
8. Vegna vatnsleka.
4. Vegna umferðaslys klippur.
1. Vegna leka hættulegra efna.
2. Viðvörðunarkerfi. Kallað út frá 112.
2. Helgarvaktir voru staðnar í sumar.

*Auk þess voru 69 útköll vegna eldvarnarkerfa og 40 útköll vegna neyðarhnappa.*

## **Skýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2017.**

### **Á árinu 2017**

**Þjálfun slökkviliðsmanna** hefur gengið vel á árinu. Haldnar voru 20 æfingar á Ísafirði 3 æfingar á Þingeyri 3.æfing á Suðureyri og 3. á Flateyri. Horfum við fram á veginn með þjálfunarmál næstu misserin og að auknir peningar verði settir í þennan málaflokk þannig að hægt sé að setja menn í læknisskoðun og þrekpróf eins og reglugerðir gera ráð fyrir. Verði þá allir staðir þá með réttindi fyrir reykkiöfun innanhús.

**Slökkviliðsmenn** sem fara í reykkiöfun verða allir sendir í læknisskoðun og þrekpróf á þessu ári og verður það gert árlega. Þetta er samkvæmt reglugerðum frá Mannvirkjastofnun.

**Sjúkraflutningar** : voru 298 og er fjölgun á milli ára . ( sjá súlurit)

**Slökkvitækjaþjónusta** yfirför og hlóð um 1094 slökkvitæki fyrir heimili, fyrirtæki og skip. Ný vara seld. Slökkvitæki 90.stk. Reykskynjarar 140.stk.

**Á árinu voru eldvarnareftirlitsskoðanir** um 118 talsins af um 300 skoðunarskyldum .

Unnið er eftir vinnureglum um eftirfylgni eldvarnareftirlit fyrir slökkvilið Ísafjarðarbæjar sem hafa verið samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Hefur þurft að beita þvingunarúrræðum vegna eldvarnareftirlits á síðasta ári og settar hafa verið dagsektir á fyrirtæki. Unnið er með miðlægan eldvarnareftirlitsgrunn (Brunavörður) sem er á landsvísu og eru öll mál sem skoðuð færð þar inn og vistuð hjá SHS.

Voru skólar heimsóttir og rætt við alla átta ára nema um brunamál vegna eldvarnarátaks LSOS . Einnig var nokkur fræðsla á vegum slökkviliðsins bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og skóla í meðferð slökkvitækja.

### **Hlíf íbúðir aldraðra og annarra. Öryggisvöktun.**

40 sinnum var farið í útköll vegna hnappa hjá eldri borgurum. Hnappar eru aðallega á Hlíf 1 Og Hlíf 2 og svo eru komnir nokkrir hnappar um allt sveitarfélagið og. Alls hringdu inn 115 sinnum í hnappaþjónustu sem var leyst með samtali. Öryggisvakt er staðin frá 16-08 alla virka daga og svo 24 klst.á öllum helgidögum.


**Eldvarnarkerfi stofnanna og fyrirtækja.** Við fengum boð frá kerfum í 69 skipti. Ekki þurfti að fara í öll kerfin þar sem hægt var að endurræsa þau í síma. 20 skipti þurfti að fara á stað til að kanna hvers vegna kerfið boðar, á dagvinnutímanum er haft samband við forstöðumenn og slökkviliðsmaður fer á staðinn. En á kvöldin og nóttu fer slökkviliðsmaður og kannar kerfin sem boða eldsboð eða innbrot og finnur orsök á því að kerfið gefur boð. Þegar búið er að finna orsök sem oftast eru feil boð er kerfið endursett.

**Brunavarnaráætlun frá 01. 12. 2008** Er runnin úr gildi og er unnið að nýrri áætlun. Hefur komið ábending frá Mannvirkjastofnun um að vanti nýja brunavarnaráætlun.


Unnið hefur verið að nýrri brunavarnaráætlun á þessu ári og hún send til yfirlestrar til Mannvirkjastofnunnar . Núna í des var hún send til baka með athugasemdum sem á eftir að laga. Það er von okkar að hún klárast 2018.

## Sjúkraflutningar 2017

F-1 Forgangsflutningar voru	46.	Neyðarflutningur alger forgangur
F-2 Forgangsflutningar voru	54.	Neyðarflutningur alger forgangur
F-3 Flutningar voru	75.	Forgangsflutningur þar sem krafist er að koma viðkomandi sem fljótast til sjúkrahúss
F-4 Flutningar voru	123.	Almennur flutningur




## Yfirlit yfir sjúkraflutninga 1990-2017





Eldsútköll/Klippuslys/Dælingar



*slökkviliðs og sjúkraflutningar öryggishnappar og eldvarnarkerfi  
2017.*



*Ísafjarðarbær 25.01.2018*

*Þorbjörn J Sveinsson, slökkviliðsstjórinn í Ísafjarðarbæ.*

